

# STARFSLEYFI

## Mosey ehf.

Framleiðsla á hreinsivörum

**Hellismýri 14, fastanr. F2312940**

**800 Selfoss**

kt. 550396 2629

Nafn og kt. rekstraraðila: **Mosey ehf., kt. 550396 2629**

Heimilisfang: **Hellismýri 14, 800 Selfoss**

**Útgáfudagur: 1. nóvember 2018**

**Gildir til: 1. nóvember 2030**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarsvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir Mosey ehf. vegna framleiðslu á hreinsivörum  
dags. 1. nóvember 2018**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færir yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 1. nóvember 2018



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri





# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## Mosey ehf.

### v/framleiðslu á hreinsivörum

kt. 550396 2629

Hellismýri 14, 800 Selfoss

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfissskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfissskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.2 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfissskilyrðum þessum.

- 1.3 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

- 1.4 Markmið starfsleyfissskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að heilnæmu og hreinu umhverfi.

- 1.5 Starfsleyfissskilyrði þessi gilda fyrir framleiðslu á hreinsivörum, þ.e. blöndun efna og efnasambanda, átöppun og pökkun í neytendaumbúðir, í ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Meðal framleiðsluvara eru myglueyðir, ofnahreinsir, handsóttthreinsiefni og alhliða hreinsiefni.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfissskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfissskilyrði.

- 1.6 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er heimilt að endurskoða starfsleyfi ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.